

Fréttabréf Garðasels

September 2017



Aðlögun nýrra barna – nemendahópurinn í Garðaseli

Aðlögun nýrra barna er lokið. Í ágúst innrituðust 19 ný börn á Lónið. Aðlögun yngri barnanna gekk mjög vel en foreldrar taka mikilvægan þátt í henni með lengri viðveru yfir daginn. Þá komu þrír strákar inn í hópinn okkar og fóru á Holt og Vík.

Við bjóðum alla velkomna til leiks og starfa á nýju skólaári.

26 ára afmæli leikskólans

Föstudaginn 1. september fagnar Garðasel 26 ára starfsafmæli sínu og þennan dag gerum við okkur dagamun. Það verður búningadagur, vinastund á Skála, og að sjálfsgöðu afmæliskaka.



Nemendahópurinn í Garðaseli skólaárið 2017-2018 telur 77 börn

19 börn á Lóni (2015-2016)	27 barn á Holti (2013 - 2014)	31 börn á Vík (2012 -2013)
Ragnheiður deildarstjóri Erna leikskólaliði Heiða leikskólakennari Karen leikskólaliði Sóveig Rún leysir af 3 daga í viku	Íris Björg deildarstjóri Freyja Hrönn þroskaþjálfari Rúna leikskólakennari Guðbjörg leikskólakennari Ragnheiður leikskólasérkennari Guðbjörg G sérstuðningur María Björg leysir af 3 frídaga	Ásta deildarstjóri Arnþrúður sérstuðningur Guðríður leikskólakennari Helena þroskaþjálfari Sonja leikskólakennari Lára Dóra kennaranemi á 5. ári leysir af þrjá frídaga
Afleysing Brekki Berg Tveir starfsmenn frá Virki í starfþjálfun	Eldhús Helga Kristín matráður Sigrún Margrét aðst.matráður	Stjórnun Ingunn R skólastjóri Ingunn Sv aðst.skólastjóri og sérkennslustjóri

Breytingar í starfsmannahaldi

Þrír nýjir starfsmenn hafa komið til starfa í Garðaseli en það eru

- Brekki Berg Guðmundsson, íþróttafræðingur en hann verður í afleysingu og umsjón með hreyfistundum í samráði við deildir
- Freyja Hrönn Sveinbjörnsdóttir, þroskaþjálfari, verður í 100 % starfi á Holti
- Helga Kristín Bjarnadóttir verður matráður skólans frá og með 1. september

Erna Björk Markúsdóttir, matráður til 8 ára, lætur af störfum að eigin ósk um mánaðamótin og færum við henni kærar þakkir fyrir hennar góðu störf og óskum henni velfarnaðar í nýju starfi.



Árgangar vinna saman

Á Holti og Vík eru hópar úr sama árgangi (2013) og skipulagið í vetur gengir út frá samvinnu þessara hópa eins og hægt er. Skipulag gerir ráð fyrir að árgangahópar séu á sama tími inni / úti í hópstarfi, útiveru, fara saman í hreyfistundir og í útinámið (skógrækt / önnur svæði). Námsáætlun árganga er unnin og vinna hópstjórar út frá henni, án tillits á hvaða deild þeir eru.



Tannvernd og umferðardagar í september

Dagana **11. – 13. september** eru tannverndardagar þar sem lögð er áhersla á heilbrigðar tennur, umhirðu þeirra og hvernig hægt er að verja þær sem best. Heimsóknir á tannlæknastofu til frekari fræðslu hefur verið í boði fyrir 2013-árganginn í samráði við læknastofurnar. Þær heimsóknir verða auglýstar til viðkomandi foreldrahóps með góðum fyrirvara.

Dagana **25. - 27. september** er umferðarpema með áherslu á mikilvægi endurskinsmerkja, gangbrauta og umferðarljósa



Skipulagsdagur

Föstudaginn 15. september er hálfur skipulagsdagur eða frá kl: 12.00-16.00 og þann hluta dags er leikskólinn lokaður. Leikskólinn er opinn frá kl: 7.30-12.00 og fá börnin að borða áður en þau fara heim.

Á starfsdeginum munu deildir skipuleggja starf sitt og síðan verður sameiginleg fræðsla í læsisverkefni leikskóla Akraneskaupstaðar fyrir starfsmenn Garðasels, Vallarsels og Teigasels.

Heilsuskokkið

Föstudaginn 8. september kl: 10.30 er fyrra heilsuskokk skólaársins og þá verður farið á Jaðarsbakkasvæðið / Akraneshöllina og sprett úr spori eins og hver getur og gerðar fjölbreyttar æfingar á stöðvum. Þennan dag er gott að hafa íþróttaskó / góða skó með sér í leikskólann. Í lok skokksins fá allir viðurkenningu með sér heim.



Foreldrafélag og foreldraráð

Skólinn leitar eftir **einu foreldri í foreldraráð** en það hefur umsagnarrétt um meiri háttar breytingar á leikskólastarfi, skóladagatal og ýmsa þætti er varða starfsemi leikskólans. Fundað er að jafnaði tvisvar á ári ásamt öðrum samskiptum í tölvupóstum og sér Ingunn Ríkharðsdóttir skólastjóri um það samstarf.

Foreldraráð 2017-2018	Foreldrafélag 2017-2018
<ul style="list-style-type: none"> Bára Daðadóttir (Vík) Berglind Ósk Pétursdóttir (Holt) Vantar einn 	<ul style="list-style-type: none"> Katrín Valdís Hjartardóttir (Vík) Guðmundur Ingþór Guðjónsson (Vík) Vantar einn Vantar einn

Foreldrafélag kemur að ýmsum viðburðum í skólastarfi, s.s. leiksýningu, grillhátíð og Sumarkaffi. Ingunn Sveinsdóttir aðst. skólastjóri fundar og starfar með foreldrafélaginu. Reynt er að nota tölvupósta eins og hægt er og funda síðan þegar þess þarf. Fundir eru tvisvar til þrisvar á skólaárinu. Leitað er eftir **tveimur foreldrum í foreldrafélagið** og hvetjum þá sem vilja leggja okkur lið að láta vita af sér í tölvupósti gardasel@gardasel.is